

Til ráðgefandi læknis

Fullt nafn slasaða _____	Kennitala _____
Heimilisfang _____	Sími/GSM _____
Póstnr. og staður _____	Netfang _____
Starfsheiti _____	

Heiti áverka á íslensku _____

Hvenær varð slysið? Dags. _____ / _____ 20 _____ kl. _____

Tilgreinið lækni/heilsugæslustöð/sjúkrahús og deild _____

Hvenær var fyrst leitað til læknis? Dags. _____ / _____ 20 _____ kl. _____

Slysstaður _____

Tildrög slyssins, vinsamlegast lýsið ítarlega _____

Hver hefur framvinda meðferða verið? _____

Eru grunsemdir um að hinn slasaði hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða lyfja? Nei Já

Ef já, vinsamlegast tilgreinið niðurstöður áfengis og/eða lyfjamælinga _____

Frá hvaða degi hefur hinn slasaði/vátryggði verið að öllu eða nokkru leyti óvinnufær?

Óvinnufær: 100% Óvinnufær frá dagsetningu Dags. _____ / _____ 20 _____

Að hluta til: 25% 50% 75% Áætlaður vinnufær að fullu Dags. _____ / _____ 20 _____

Er talið að hinn slasaði nái fullum bata? Nei Já Áætlaður bati Dags. _____ / _____ 20 _____

Fyrri slys og áverkar Nei Já

Ef já, lýsið fyrri slysum og áverkum _____

Afleiðingar Engar Örorka, hvers konar _____

Vinnufærni fyrir slys: Vinnufær að fullu Að hluta til: 25% 50% 75%

Athugasemdir læknis _____

Verð: 7.500 kr. Bankareikningur: _____ Höfuðbók _____ Kennitala _____

Öll tilkynnt tjón eru skráð í sameiginlegan tjónagrunn vátryggingafélaga sem rekinn er af Creditinfo hf. Nánari upplýsingar um tjónagrunninn eru í sameiginlegum skilmálum VÍS nr. YY10 og í reglum VÍS um vinnslu persónuupplýsinga.

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala læknis

Tjónsdagsetning _____

Ég undirritaður _____ kt. _____

veiti hér með Vátryggingafélagi Íslands hf. kt. 690689-2009 (VÍS) heimild til að afla upplýsinga og gagna frá læknum, sjúkrahúsum og öðrum meðferðaraðilum/stofnunum er varða heilsufar mitt nú og einnig fyrri/síðari sjúkdóma og slys sem máli skipta við mat á bótaskyldu og bótakröfu. Jafnframt heimila ég félaginu að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna um tekjur/greiðslur og réttindi frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, lífeyrissjóðum, stéttarfélagi, vinnuveitendum og skattayfirvöldum eftir því sem þörf er til ákvörðunar bótafjárhæðar vegna tjónsins.

Þá heimila ég félaginu að leita upplýsinga frá fyrrum/núverandi vinnuveitanda um tímabil óvinnufærni sem rekja má til framan- greinds atburðar. Þá er félaginu heimilt að afla skýrslna og umsagna frá Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum aðilum sem komu að rannsókn slyssins sem verið er að tilkynna. Félaginu er einnig heimilt að afla upplýsinga frá lögreglu um lögregluskýrslur og önnur gögn hjá lögreglu sem gerð hafa verið vegna málsins. Loks er félaginu heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna um fyrri tjón hjá öðrum vátryggingafélögum eftir því sem þörf er á.

Tilgangur hinnar fyrirhuguðu vinnslu persónuupplýsinga er sá að félagið þarf að geta metið ábyrgð sína samkvæmt vátrygginga- samningi, þ.e. leggja mat á bótaskyldu í máli þínu sem og bótafjárhæðir.

Ég samþykki að VÍS er heimil vinnsla og varðveiting gagnanna, sem og miðlun þeirra til annarra vátryggingafélaga/endurtryggjenda ef þörf krefur. Í heimild þessari felst einnig heimild starfsmanna í heilbrigðiskerfinu til að vinna þær upplýsingar sem VÍS óskar eftir. Ef reynir á málið fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða fyrir dómstólum er VÍS heimilt að leggja gögnin fram í því máli. VÍS mun ekki miðla persónuupplýsingum til þriðja ríkis án þess að fullnægjandi vernd liggja fyrir.

Ég geri mér grein fyrir því að með yfirlýsingu þessari felst samþykki til vinnslu persónuupplýsinga um mig skv. lögum um persónu- vernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018. Heimildir til ofangreindrar vinnslu persónuupplýsinga grundvallast á 1.-2. tl. og eftir atvikum á 6. tl. 9. gr. laganna og heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram á grundvelli 1. og eftir atvikum á 6. tl. 11. gr. laganna. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Við vinnslu ofangreindra gagna fer ekki fram sjálfvirk ákvarðana- taka í skilningi laga um persónuvernd.

Ég geri mér grein fyrir því að mér er heimilt að afturkalla samþykki þetta til upplýsingaöflunar félagsins hvenær sem er með skriflegri yfirlýsingu til félagsins en sú afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem átt hefur sér stað fram að afturköllun.

Ég lýsi því hér með yfir að hafa kynnt mér og móttekið ofangreindar upplýsingar. Frekari upplýsingar um vinnslu VÍS á persónuupp- lýsingum má finna á heimasíðu félagsins, vis.is.

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala

Vottur 1 - Undirskrift og kennitala

Vottur 2 - Undirskrift og kennitala